



Fundargerð

Fundur í skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 5. október 2015 kl. 10.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Karl Kristjánsson formaður, Egill Sigurgeirsson og Rebekka Eiríksdóttir. Einnig sat fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður nefndarinnar bauð fólk velkomið og setti fundinn. Formaður spurði eftir öðrum málum, engin mál bárust, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefndar 17. ágúst 2015.

Fundargerð samþykkt.

2. 1004004 – Deiliskipulag, Innstipollur í Flatey.

Uppdráttur af deiliskipulagi unninn af Landmótun.

Samþykkt að auglýsa dsk aftur.

3. 1509013 – Flateyjar- og Staðarhöfn.

Staða mála.

Farið yfir stöðu mála og stefnt að því að halda fund með vegamálastjóra um málefni hafnanna.

4. 1408010 – Skólalóð, lok framkvæmda.

Byggingafulltrúa og umsjónarmanni fasteigna falið að fara yfir verkið, samkv. reikningi frá Kol ehf.

Mál til kynningar:

5. 1509014 – Viðbragðsáætlanir vegna bráðamengunar fyrir hafnir.

Erindi frá Umhverfisstofnun dagsett 31. ágúst 2015.

Lagt fram til kynningar.

6. 1509015 – Endurskoðun á áætlun hafna um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa.

Erindi frá Umhverfisstofnun dagsett 21. ágúst 2015.

Lagt fram til kynningar.

7. 1503005 – Fundargerð 376. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands.

Lagt fram til kynningar.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 10.48.

_____	_____
_____	_____